



Tálknafjörður

Miðtúni 1, 460 Tálknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Aðalskipulag

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

Breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Dunhagi.

Breytingin felur í sér breytta landnotkun á þéttbýlisupprætti við skólasvæði Tálknafjarðar þar sem landnotkun verður breytt frá svæði fyrir þjónustustofnun og opnu svæði til sérstakra nota yfir í svæði fyrir verslun og þjónustu. Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á reitnum og stækka þarf reitinn til að rúma skilgreinda landnotkun.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með föstudeginum 24. maí til 5. júlí 2019 og aðalskipulagsbreytingin einnig hjá Skipulagsstofnun á Borgartúni 7b, 105 í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 5. júlí 2019.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460

Tálknafirði.

Virðingarfyllt

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps